

## Ísland á filmu: íslenskt mál á 20. öld

Skoðaðu myndskaiðið „Kaffiboð hjá Páli Ísólfsyni“

<https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62650>

1. Hvaða ár er kaffiboðið?
  - a. Myndskeiðið er frá 1969 en kaffiboðið er 1968
2. Hver tekur viðtalið við Pál Ísólfsson? Hvað heitir hann og hvað gerir hann?
3. Finnur þú einhver orð sem þú hefur ekki heyrt áður? Flettu þeim upp á malid.is og finndu hvað þau þýða. Reyndu að nefna þrjú orð.
  - a. Giftudrjúgur; Saltari; Mikilúðlegur; Geysilega; Skrudda
4. Tekur þú eftir einhverjum slettum úr öðrum málum? Hvaða orð eru það, úr hvaða máli, hvað þýða þau og hvernig myndir þú skrifa þau ef þú værir að texta þetta myndskaiði?
  - a. Respekt, respect úr ensku.
  - b. Religiös, religious úr ensku.
5. Páll og Matthías ræða stuttlega Sæmund Fróða. Segðu frá í samfelldu máli um hvað þeir tala. Ekki skrifa beinar ræður. Þú getur notað þessa vefsíðu þér til stuðnings:  
<https://sshi.hi.is/is/um-stofnunina-hlutverk-og-saga/hver-var-saemundur-frodi>
  - a. Þeir tala um það þegar Sæmundur fór á sel alla leið til Íslands frá Frakklandi. Páll veltir því fyrir sér hvort þetta afrek hafi verið mögulegt.
6. Hvaða ár sirka heldur þú að Páll hafi verið í Leipzig?
  - a. Fyrir heimstyrjöld, sennilega þá seinni. Þá kannski á bilinu 1938-1939
7. Hvað finnst Páli um Bach og Beethoven?
  - a. Hann ber mikla virðingu fyrir þeim, svo mikla að hann trúir því ekki að þeir hafi gengið á jörðinni eins og annað venjulegt fólk
8. Hvernig finnst þér málið sem þeir tala sín á milli? Heyrir þú einhverja tala á svipaðan hátt í dag? Heldur þú að flest fólk á þessum tíma hafi talað á þennan hátt? Af hverju/af hverju ekki?
  - a. Vangaveltur um menntun og stéttaskiptingu, venjulegur verkamaður hefur kannski ekki sama orðaforða og er ólíklegur til að sletta á sama hátt þar sem hann er ekki jafnmenntaður og veraldarvanur og Páll. Má segja að Páll sé af eins konar efri stétt og menningarmiðaður.